

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 312/2015 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu.

1. gr.

20. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

*Lagaheimild og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 37. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og 22. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði þessarar reglugerðar byggja á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 37. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og 22. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 13. apríl 2015.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Sveinn Magnússon.*